

Nr. 17-046 S 031 Sigurey ST 22**Tók niðri á Húnaflóa**

Skipaskr.nr. 1774
 Útgerð: ST 2 ehf
 Smíðaður: Knórr 1987, Trefjaplast
 Stærð: 9,30 brl. 14,88 bt.
 Mesta lengd: 11,77 m Skráð lengd: 11,66 m
 Breidd: 3,53 m Dýpt: 1,67 m
 Vél: Cummins, 187 kW, 1998
 Fjöldi skipverja: 3



Sigurey@Jón Halldórsson

Gögn:
 Gögn RNSA


Málið afgreitt á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. maí 2017 var Sigurey ST 22 á grásleppuveiðum á Húnaflóa. Veður: SV 4 m/s.

Meðan á veiðunum stóð tók bátinn niðri á Tindabykkjugrunni NA af Grímsey á Húnaflóa (*sjá mynd*) og skipstjóri lét Vaktstöð siglinga vita á VHF 16. Frigg ST 69 var í um sex sml. fjarlægð og ætlaði á staðinn en skipverjum tókst að losa Sigurey og sigla henni til hafnar á Drangnesi.



Rauða örin sýnir hvar Sigurey tók niðri

Enginn leki kom að bátnum en við skoðun kom í ljós að hæll hans hafði skemmst.

Við rannsókn kom fram:

- að netatrossa hafði færst yfir boðann í brælu og fest sig. Skipverjar voru að bjástra við að ná netinu en gátu ekki notað skrúfu og af þeim sökum rak þá á boðann. Þeir skáru á netið til að setja inn skrúfuna og gátu þá mjakað sér af boðanum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.